

Priðjudaginn 19. mars 1996.

Nr. 104/1996.

Gunnar Pétursson

(Hreinn Loftsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur að hluta. Álagning opinberra gjalda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila, en til vara, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður verði felldur niður.

Fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili lagt fram álagningar- og innheimtuseðil 1995 vegna Gunnars og Kjartans sf. Það ár var lagt á greiðanda iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, að fjárhæð 37.364 krónur. Sóknaraðili hefur einnig lagt fram eigin álagningar- og innheimtuseðil 1993, en það ár voru slík gjöld lögð á hann persónulega. Þá hefur sóknaraðili lagt fram tilkynningu 31. desember 1989 til firmaskrár um stofnun fyrrgreinds sameignarfélags.

Sóknaraðili höfðar málið meðal annars í því skyni að fá viðurkennt með dómi, að óheimilt sé að leggja á sóknaraðila gjald samkvæmt 1. gr. laga nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald svo og iðnlánasjóðsgjald samkvæmt 5. gr. laga nr. 76/1987 um Iðnlánasjóð, sbr. 1. gr. laga nr. 139/1993. Kröfugerð þessi varðar ekki tiltekna álagningu,

heldur er almennt leitað úrlausnar um heimildir til álagningar samkvæmt umræddum lögum. Þetta er andstætt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, og verður hinn kærði úrskurður því staðfestur um frávisun þessara krafna sóknaraðila.

Í málinu krefst sóknaraðili þess einnig, að felld verði úr gildi álagning sömu gjalda 1995 á Gunnar og Kjartan sf. Við úrlausn um frávisun reynir ekki á, hvort sóknaraðili geti haft uppi slíka kröfu í eigin nafni, enda leiða varnir byggðar á aðildarskorti til sýknu, ef fallist verður á þær, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Á þessum málalíbúnaði sóknaraðila eru ekki annmarkar, sem varðað geta frávisun málsins. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi, hvað þessa kröfu varðar, og lagt fyrir héraðsdómara að taka hana til efnismeðferðar.

Rétt er, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af meðferð málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um frávisun á kröfum sóknaraðila um, að óheimilt sé að leggja á sóknaraðila iðnaðarmálagjald og iðnlánasjóðsgjald.

Lagt er fyrir héraðsdómara að taka til efnislegrar meðferðar kröfu sóknaraðila um, að álagning umræddra gjalda á Gunnar og Kjartan sf. 1995 verði felld úr gildi.

Málskostnaður í héraði og kærúmálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar 1996.

1. Með stefnu, birtri 5. september 1995 fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra f. h. íslenska ríkisins, höfðaði Gunnar Pétursson, kt. 030547-4469, Bjargartanga 16, Mosfellsbæ, mál þetta „til ógildingar álagningar iðnlánasjóðsgjalds og iðnaðarmálagjalds“.

Dómkröfur stefnanda.

I. Að viðurkennt verði með dómi, að stefnda sé óheimilt að lögum að leggja á hann iðnaðarmálagjald skv. lögum nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald.

II. Að viðurkennt verði með dómi, að stefnda sé óheimilt að lögum að leggja á hann iðnlánasjóðsgjald skv. lögum nr. 139/1993 um breytingu á lögum nr. 76/1987 um Iðnlánasjóð.

III. Að felld verði úr gildi álagning iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjalds 1995 á Gunnar og Kjartan sf., kt. 570190-1139, Bjargartanga 16, Mosfellsbæ.

IV. Þá er krafist málskostnaðar skv. mati dómsins.

Dómkröfur stefnda.

Aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnda dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

Til þrautavara, að málskostnaður verði felldur niður.

Málflutningur um aðalkröfu stefnda fór fram 30. f. m., en stefnandi krafðist þess, að frávísunarkröfu yrði hafnað og sér yrði úrskurðaður málskostnaður, og var málið að því búnu tekið til úrskurðar.

2. Lýsing málsástæðna og annarra atvika í stefnu.

Stefnandi kveður 3. gr. laga nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald fela í sér, að allir einstaklingar og félög, sem stunda tiltekinn rekstur, skuli greiða gjald til Samtaka iðnaðarins. Í raun sé um það að ræða, að allir þessir aðilar skuli greiða félagsgjald til samtakanna. Umrætt eðli iðnaðarmálagjalds komi ljóslega fram í 14. gr. laga Samtaka iðnaðarins, þar sem segir: „Félagsgjald til samtakanna reiknast sem 0,15% af veltu liðins árs, en þeir aðilar, sem greiða iðnaðarmálagjald, sem rennur til samtakanna, fá þann hluta viðurkenndan og frádreginn í útreikningi á félagsgjaldi sínu til samtakanna.“ Tæpast geti því nokkrum blandast hugur um, að með þessu móti séu þessir einstaklingar og félög skyldaðir til aðildar að félaginu, þótt ekki njóti þeir réttinda þar, nema þeir kjósi að gerast skráðir félagar. Stefnandi óski ekki eftir að vera aðili að samtökunum, heldur vilji hann miklu fremur vera félagi í Meistarafélagi húsasmiða, þar sem hann greiði þegar gjöld sín og meti hagsmunum sínum best borgið. Stefnandi telur, að 3. gr. laga nr. 134/1993 hafi engan sjálfstæðan tilgang, sem geri það að verkum, að iðnaðarmálagjald sé nokkuð annað en félagsgjald. Þessu til stuðnings bendir stefnandi enn fremur á ársreikning Samtaka iðnaðarins 1994-1995. Þar komi fram, að iðnaðarmálagjaldi sé varið í almennan rekstur samtakanna og öðrum greiðendum gjaldsins virðist ekki vera gefinn kostur á að njóta neins af hendi samtakanna sem gagngjalds fyrir greiðslu þess. Þá eigi engar af þeim undantekningarreglum, sem réttlætt gætu skylduadild að félagi, við um Samtök iðnaðarins. Stefnandi leggur áherslu á, að samtökin hafi myndað sér pólitíska stefnu í viðkvæmum og umdeildum málum, svo sem um aðild að Evrópusambandinu. Greiðendum iðnaðarmálagjalds sé nauðugur sá kostur að bera kostnað af því að framfylgja pólitískri stefnu í slíkum málum. Slíkt samrýmist alls ekki grundvallaratriðum stjórnskipunarinnar né

samrýmist það lýðræðishefðum. Stefnandi telur, að með skylduaðild að Samtökum iðnaðarins gegn vilja sínum sé brotinn á sér réttur, sem sér beri skv. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og lögum nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu, nánar tiltekið 11. gr. sammingsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem er fylgiskjal með lögunum, sbr. og almenna þjóðréttarlega skuldbindingu Íslands sem aðila að Mannréttindasáttmála Evrópu og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í málinu nr. 24-1992-369-443, Strasbourg, 30. júní 1993.

Stefnandi kveður hið sama eiga við að mörgu leyti um álagningu iðnlánasjóðsgjalds. Hluta gjaldsins skuli varið til hagrannsókna og annarra aðgerða í samráði við Samtök iðnaðarins. Stjórn Iðnlánasjóðs sé að meiri hluta skipuð fulltrúum Samtaka iðnaðarins eftir þeirri túlkun iðnaðarráðuneytis á 3. gr. laga nr. 76/1987, að Samtök iðnaðarins fari með rétt Landssambands iðnaðarmanna og Félags íslenskra iðnrekenda til að tilnefna stjórnarmenn. Eins og stjórn sjóðsins sé skipuð, geti greiðendur iðnlánasjóðsgjalds ekki verið á sama báti og félagar í Samtökum iðnaðarins, þegar kemur að því að njóta stuðnings úr sjóðnum, enda telji stefnandi, að koma muni fram við gagnaöflun, að meginhluti stuðnings Iðnlánasjóðs renni til félagsmanna í Samtökum iðnaðarins, en áður Landssambands iðnaðarmanna og Félags íslenskra iðnrekenda. Hins vegar njóti aðrir greiðendur lítillar fyrirgreiðslu, og enginn marktækur munur sé á greiðendum iðnlánasjóðsgjalds, sem ekki séu félagar í nefndum samtökum, og almennum lántakendum. Þannig séu gjaldendur iðnlánasjóðsgjalds skattlagðir sérstaklega umfram aðra almenna gjaldendur, án þess að um efnislegar ástæður, svo sem eins og þær, að gjaldinu skuli varið þeim til hagsbóta, sé að ræða.

Stefnandi kveður það vera sjálfstæða málsástæðu, að tekjum Iðnlánasjóðs hafi ekki verið varið lögum samkvæmt. Eru rakin dæmi, sem er ætlað að styðja þá fullyrðingu. Þau lúta að óheimilum og ólögumætum ráðstöfunum, sem felist í: 1) aukningu hlutdeildar í Útflutningslánasjóði, 2) kaupum hlutabréfa, 3) lánveitingum til einstakra verkefna og fyrirtækja, 4) veitingu ábyrgða.

Að lokum segir í stefnu:

„Athygli sé enn fremur vakin á, að gjaldið var lagt á sameignarfélagið Gunnar & Kjartan sf., kt. 570190-1139, sem er ekki sjálfstæður skattaðili, þrátt fyrir tilvitnuð lög um iðnaðarmálagjald, þótt ekki sé út af fyrir sig gerður ágreiningur um það atriði. Stefnandi kveður sig vera annan tveggja félaga í sameignarfélaginu, auk þess sem gjaldið yrð lagt á sig persónulega, stundaði hann atvinnu sína í eigin nafni. Hann hafi því lögvarða hagsmuni af niðurstöðu þessa máls.

Stefnandi kveður fjármálaráðherra bera stjórnskipulega ábyrgð á álag-

ingu og innheimtu gjaldsins, vegna þess að gjaldið er lagt á af skattstofum skv. 1. gr. laga nr. 134/1993. Iðnaðarráðherra beri á hinn bóginn stjórnskipulega ábyrgð á ráðstöfun þess fjár, sem aflast með álagningu beggja þessara gjalda.“

Í stefnu eru talin upp sem sönnunargögn til framlagningar við þingfestingu málsins: 1) lög Samtaka iðnaðarins, samþykkt 24. september 1993, 2) Ársskýrsla Samtaka iðnaðarins 1994-1995, 3) Samtök iðnaðarins, Helstu stefnuatriði, drög, 4) Ársskýrsla Iðnlánasjóðs 1994, 5) Álitsgerð Markúsar Sigurbjörnssonar, þá prófessors, um heimild Iðnlánasjóðs til að taka þátt í stofnun Rekstrarfélagsins Hrauns hf., dags. 24. maí 1993.

Af hálfu stefnanda hafa frekari gögn ekki verið lögð fram, en stefnandi tekur fram í stefnu, að hann telji nauðsynlegt, að Iðnlánasjóður upplýsi um eftirfarandi atriði með framlagningu skjala:

1. Ráðstöfun fjár skv. 4. mgr. 1. tl. 5. gr. laga nr. 76/1987 árið 1995 og næstu sex ár þar á undan.

2. Framlög skv. 8. gr. laga nr. 76/1987 árið 1995 og næstu sex ár þar á undan, hverjir fengu þau og hversu mikill hluti þeirra (hlutfall) var félagar í Samtökum iðnaðarins og forverum þeirra. Stefnandi tekur fram, að 21. gr. laga nr. 76/1987 eigi ekki við um þessar upplýsingar.

3. Hlutfall útlána til féлага í Samtökum iðnaðarins og forvera þeirra árið 1995 og næstu sex ár þar á undan til annarra greiðenda iðnlánasjóðsgjalds og að lokum til aðila, sem ekki greiða iðnlánasjóðsgjald.

4. Lánveitingar til Óss hf., Ós-Húseininga hf., Háteigs hf., Sólar hf. og Ála-foss hf.; kostnaðarverð þess, sem lánað var til (ekki brunabótamat eða annað (sic) sambærilegar viðmiðanir við veitingu lánanna). Gögn, sem fyrir lágu í samræmi við 3. mgr. 19. gr. laga nr. 76/1987. Telji sjóðurinn, að eitt-hvað af þessum upplýsingum sé komið frá lántökum og 21. gr. laga nr. 76/1987 eigi því við, óskast þær engu að síður lagðar fyrir dóminn í samræmi við 69. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

5. Álitsgerð, sem Baldur Guðlaugsson hrl. vann fyrir sjóðinn um ýmis laga-ákvæði, sem gilda um sjóðinn.

3. Kröfu sína um frávísun málsins reisir stefndi á því, að málatilbúnaður stefnanda og dómkröfur séu of óljósar og vanreifðar, til að dómur verði á málið lagður. Þá verði ekki séð, að málshöfðun þessi þjóni í reynd öðrum tilgangi en þeim að leita eftir lögfræðilegri álitsgerð dómstóls andstætt 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 26. gr. eml.

Af hálfu stefnanda hafi þannig engin gögn verið lögð fram um álagningu iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjalds, hvorki á hann sjálfan persónulega né

varðandi Gunnar og Kjartan sf., sem ekki sé aðili málsins, þó að dómkrafa III varði það félag. Brjótí það í bága við g-lið 80. gr. eml. nr. 91/1991. Ekki liggi þannig fyrir, að stefnandi hafi í reynd neinna þeirra lögvörðu hagsmuna að gæta, sem tengst geti þeim dómkröfum, er hann hafi uppi í málinu. Þá sé ósannað, að stefnandi sé bær til að vera í fyrirsvari vegna álagningar á Gunnar og Kjartan sf. í dómsmáli og hafa uppi þá kröfu, er hann geri í máli þessu um það fyrirtæki.

Stefndi vísar til þess, að iðnaðarmálagjald og iðnlánasjóðsgjald leggist á virðisaukaskattsskylda aðila, er hafi með höndum iðnað, sem falli undir tiltekin atvinnugreinanúmer í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Bæði gjöldin hafi áhrif á aðra skattstofna, þar sem heimilt sé að draga þau frá tekjum. Verði ekki séð, að unnt sé að fjalla um gjöld þessi, án þess að framtöl og rekstrarreikningar stefnanda, sameiganda hans og sameignarfélagsins sjálfs liggi fyrir í máli þessu og að sameigendurnir báðir eða allir eigi aðild að málinu persónulega og fyrir hönd sameignarfélagsins, sbr. 1. og 2. mgr. 18. gr. eml.

Ekki verði ráðið af stefnu, hvernig málsástæður stefnanda um ráðstöfun tekna úr Iðnlánasjóði geti í reynd tengst dómkröfum hans. Stefnandi kasti fram staðhæfingum um ólögsmæta og óheimila ráðstöfun fjár úr Iðnlánasjóði án þess að styðja þær fullyrðingar neinum gögnum. Vanreifun um lagagrundvöll fyrir lausn undan gjaldskyldu og skortur gagna, sé andstæður f- og g-lið 80. gr. eml.

Að lokum kveður stefndi ekki verða ráðið af stefnu, hvaða sjálfstæða hlutverki I. og II. liður dómkrafna eigi að gegna, sem ekki felist í málsástæðum, er liggi til grundvallar í III. lið. Réttarfarslög veiti stefnanda hvorki rétt til að gera málsástæður að sjálfstæðum dómkröfulið né til að hafa uppi kröfur, er varði óorðna atburði.

Í málflytningi um frávísunarkröfu vísaði lögmaður stefnanda til þess, að vegna stöðu fjármálaráðuneytis gagnvart álagningaradilum væru því tiltæk öll gögn, sem vörðuðu álagningu þeirra gjalda, sem um ræðir í málinu. Ágreiningur um skattskyldu verði borinn undir dómstóla, og ekki sé farið fram á endurútreikning. Þá lagði hann áherslu á, að um gjaldstofn gjaldanna færi eftir virðisaukaskattslögum, en um álagningu þeirra og innheimtu eftir lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

4. Fallist er á frávísunarröksemdir stefnda.

Á stefnanda máls hvílir að leggja viðhlítandi grunn að málsókn, án þess að vísað verði um úrbætur að því leyti til gagnaðila.

Af málalítlúnaði stefnanda verður ráðið, að umrædd gjöld hafi ekki ver-

ið lögð á hann. Ber því samkvæmt 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 að vísa dómkröfum hans í liðum I og II frá dómi.

Um álagningu þá, sem III. liður dómkrafna stefnanda lýtur að, eru engin gögn lögð fram. Í stefnu greinir frá því, að gjöld þau, sem hér um ræðir, hafi verið lögð á sameignarfélagið Gunnar og Kjartan og að ekki sé gerður ágreiningur um það. Hins vegar er engin grein gerð fyrir heimild til höfðunar málsins fyrir hönd þess eða annars/annarra eigenda þess, en krafan varðar hagsmuni þeirra. Ber að vísa kröfulið þessum frá dómi samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 18. gr. og upphafsákvæði og g-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt þessu ber að vísa málinu frá dómi. Stefnandi greiði stefnda 60.000 krónur í málskostnað.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Gunnar Pétursson, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 60.000 krónur í málskostnað.
